



16. Ársþing KAÍ
22. mars 2003

16. Árspaning KAÍ, 22 mars 2003

EFNISYFIRLIT

Stjórn og nefndir KAÍ	2
Stjórn KAÍ 2001 - 2002:.....	2
Dómaranefnd:.....	2
Aganefnd:.....	2
Landsliðsnefnd:	2
Landsliðsþjálfari.....	2
Ávarp formanns	3
Karatemaður og karatekona ársins 2002	4
Niðurstöður úr lyfjaeftirliti	4
Mót	5
Íslandsmeistaramót í Kata 2002	5
Íslandsmeistaramót í Kumite 2002.....	6
Unglingameistaramót.....	7
BIKARMÓT KAÍ Í KARATE 2001 - 2002	7
Dómarar KAÍ	8
A - Dómari - Kumite	8
A - Meðdómari - Kumite	8
B - Meðdómari - Kumite	8
Rekstrar- og efnahagsreikningur	9
Lög Karatesambands Íslands	12
Reglur um íslandsmeistaramót í Karate	15
Almennar reglur	
Starfsfólk.	
Keppnin	
Kærur, fundir, úrslit & skýrslur	
Félagaskipti.	
Réttindi karatedómara.	

STJÓRN OG NEFNDIR KAÍ

Stjórn KAÍ 2001 - 2002:

Ólafur H. Wallevik	formaður
Halldór Svavarsson	varaformaður
Indriði Jónsson	gjaldkeri
Reinharð Reinharðsson	ritari
Ingólfur Snorrason	meðstjórnandi
Jón Ingi Þorvaldsson	varamaður
Bryndís Valbjarnardóttir	varamaður
Helgi Jóhannesson	varamaður

Dómaranefnd:

Ólafur Hreinsson	formaður
Ólafur H. Wallevik	
Reinharð Reinharðsson	

Til vara:
Helgi Jóhannesson

Aganefnd:

Vincente Carrasco
Ólafur Hreinsson
Ásmundur Ísak Jónsson
Lárus Welding
Vilhjálmur Svan Vilhjálmsson

Landsliðsnefnd:

Halldór Svavarsson
Ingólfur Snorrason
Edda Blöndal

Landsliðsþjálfari

Allan Busk (f.o.m. haustinu 2002)

ÁVARP FORMANNS

Þá er komið að 16. þingi Karatesambandsins. Liðin eru tuttugu ár síðan formaður varð fyrst landsliðsþjálfari hér á Fróni. Á síðasta ári voru landsliðsþjálfaramálin í brennidepli. Niðurstaðan varð að við réðum, með góðum styrk frá ÍSÍ, fyrrverandi landsliðsþjálfara dana Allan Busk til starfsins. Efir hálfis árs reynslutíma var í byrjun janúar sl. skrifað undir tveggja ára samning við hann. Eru menn almennt mjög ánægðir með hann.



Allan Busk, landsliðsþjálfari Íslands í Karate

Jón Ingi Þorvaldsson komst í 16 manna úrslit á heimsmeistaramótinu og Sólveig Sigurðardóttir gerir garðinn frægan í Japan en hún hefur m.a. unnið mót þar í vetur.

Lítið hefur farið fyrir kynningu á íþróttinni. Að undanskyldum auglýsingum um byrjendanámskeið var einungis um að ræða eina auglýsingu fyrir hvert mót. Þrátt fyrir ágætis árangur á erlendum mótum eins og fjórða sæti á alþjóðamóti, hefur ekki gengið nógu vel að koma því á framfæri við fjölmiðla. Hér þurfum við að taka okkur á. Því er KAÍ nú með í vinnslu gerð auglýsingabæklings og myndbands.

Þátttakendur í unglingsmeistaramótinu í Kata voru um 380 árið 2002 sem verður að teljast mjög gott. Árleg fjölgun hefur verið um eða yfir tíu prósent á ári. Erfitt er að halda svo fjölmennt mót á einum degi og því hefur verið ákveðið að skipta mótinu í tvennt frá og með árinu 2003. Virðast menn ánægðir með fyrirhugaða breytingu.

Mikil virkni hefur verið í stjórn KAÍ á starfsárinu, hafa meðlimir stjórnar unnið gott starf. Má nefna að Reinhard Reinhardsson ritari sem annaðist uppsetningu á heimasíðu sambandsins <http://www.kai.is/> hefur haldið henni vel við. Mjög gott skipulag hefur verið á fjárreiðum sambandsins, Indriði Jónsson, gjaldkeri, á þann heiður. Halldór Svavarsson, varaformaður, hefur ætíð brugðist hratt við þegar á þarf að halda. Þakkar formaður meðstjórnendum og varamönnum samvinnuna.

Fyrirhugað er að gera átak varðandi landsliðsmál í Kata, skipa 3ja manna landsliðsnefnd. Viðræður eru við Grétar Örn Halldórsson, Ásmund Ísak Jónsson og undirritaðan um að taka verkefnið að sér, en þeir eru allir eru 4. Dan.

Dómgæsla var nokkuð í brennidepli á árinu sem leið. Sæmilega hefur gengið að aðlagast nýjum reglum. Hinar nýju reglur kalla á aukna fræðslustarfsemi af hálfu

sambandsins. Mikilvægt er að sem allra fyrst verði dómara og þátttakendur búnir að tileinka sér nýjar reglur þannig að ekki komi til árekstra eða deilna á mótum. Eins og verið hefur seinustu 10 ár er mikil þörf fyrir að haldin séu fleiri dómara námskeið. Helgi Jóhannesson hefur staðið sig með prýði varðandi dómaramálin. Æskilegt er að fá erlenda dómara til að halda námskeið, en það er yfirleitt mjög dýrt. Eitt er þó til bóta en það er að auðveldara hefur verið en áður að fá tilskilinn fjölda dómara á mót.

Mikill vaxtarbroddur er í íþróttinni sem fram kemur bæði í auknum fjölda iðkenda og keppenda. Mikilvægt að hlúa að þessum vaxtarbroddi af fremsta megni. Sérstaklega er gróska í landsliðsmálum og má vænta mikilla tíðinda af okkar keppendum á erlendri grund á næstu árum. Þá er fyrirhugað að halda veglegt Icelandic Open í lok september árið 2004 eða 2005.



Ólafur Haraldsson Wallevik

KARATEMAÐUR OG KARATEKONA ÁRSINS 2002

Jón Ingi Þorvaldsson var valinn karatemaður ársins og **Edda L. Blöndal** karatekona ársins.

Jón Ingi á eftirtalin afrek á árinu:

Bikarmeistari KAÍ, Íslandsmeistari í -80 kg. flokki í kumite, 3. sæti í -80 kg. flokki í kumite á Bohemian Open í Tékklandi, 16 manna úrslit (3. umferð) í -75 kg. flokki í kumite á HM í karate í Madrid.

Edda á eftirtalin afrek á árinu:

Íslandsmeistari í kata, Íslandsmeistari í hópkata, Íslandsmeistari í opnum flokki kvenna í kumite, Íslandsmeistari í +57kg. flokki kvenna í kumite, Íslandsmeistari í liðakeppni kvenna í kumite, 3. sæti í +60 kg. flokki á Bohemian Open í Tékklandi.

Við óskum þeim til hamingju með titlana.

NIÐURSTÖÐUR ÚR LYFJAEFTIRLITI

Íslandsmótið í kumite fór fram í Fylkishöllinni í nóvember byrjun. Lyfjaeftirlit ÍSÍ var á svæðinu og voru Edda Blöndal og Ingólfur Snorrason tekin í lyfjapróf. Niðurstöður liggja nú fyrir og fundust engin lyf af bannlista í sýnunum.

MÓT

Íslandsmeistaramót í Kata 2002

Íslandsmeistaramótið í kata fór fram laugardaginn 23.mars í íþróttahúsinu við Hagaskóla. Mótið var mjög fjölmennt, en 52 keppendur voru skráðir til keppni og 14 hópkatalið, en alls voru keppendur frá 6 félögum skráðir til leiks. Katamótið var með nýju fyrirkomulagi, þar sem nú var keppt eftir úrsláttarfyrirkomulagi í stað þess að nota stig eins og hefur verið gert undanfarin ár, en flögg voru notuð til að gefa til kynna hvor aðilinn hefði sigrað. Þetta fyrirkomulag þýðir að hver keppandi þarf að koma oftast inn á gólfíð til að framkvæma kata og komast áfram í næstu umferð. Úrsláttarfyrirkomulagið er í samræmi við reglur Alþjóða Karatesambandsins (WKF).

Edda Lúvís Blöndal og Ásmundur Ísak Jónsson, meistarnir síðan í fyrra vörðu titla sína í einstaklingskeppninni ásamt því að verða tvöfaldir meistara með sveitum sínum í Hópkata. Karatefélagið Þórshamar vann alla íslandsmeistaratitlana ásamt því að fá flest stig yfir heildina og er því Þórshamar Íslandsmeistari félaga í kata. Dómarar voru; Ólafur Wallevik Yfirdómari, Ólafur Hreinsson, Bjarni Kristjánsson, Árni Þór Jónsson, Gunnlaugur Sigurðsson, Karl Viggó Vigfússon og Helgi Hafsteinsson.

Úrslit í einstökum flokkum urðu sem hér segir;

Kata karla:

1. Ásmundur Ísak Jónsson, Þórshamar
2. Helgi Jóhannesson, Þórshamar
3. Daníel P. Axelsson, Þórshamar
4. Davíð Sigþórsson, KFR

Kata kvenna:

1. Edda Lúvís Blöndal, Þórshamar
2. Sólveig Krista Einarsdóttir, Þórshamar
3. Sólveig Sigurðardóttir, Þórshamar
4. Eydís Líndal Finnbogadóttir, Akranes

Hópkata karla:

1. Ásmundur Ísak Jónsson, Helgi Jóhannesson, Bjarni Kærnested Þórshamar-A
2. Halldór Svavarsson, Ingólfur Snorrason, Pétur Ragnarsson Fylki-A
3. Anton Kaldal, Davíð Sigþórsson, Rúnar Ingi Ásgeirsson, KFR-B
4. Birkir Björnsson, Atli Steinn Guðmundsson, Arnar Guðnason, Þórshamar-D

Hópkata kvenna:

1. Edda L. Blöndal, Sólveig Krista Einarsdóttir, Hulda Axelsdóttir, Þórshamar-A
2. Sólveig Sigurðard., Auður Olga Skúlad., Bylgja Guðmundsd., Þórshamar-B
3. Sif Grétarsdóttir, Kristín al Lahham, Elsa Hannesdóttir, Fylkir-A
4. Arna Steinarsdóttir, Fríða Bogadóttir, Gerður Steinarsdóttir, Þórshamar-D

Heildarárangur einstakra félaga:

Félag	Gull	Silfur	Brons	Heildarstig
Þórshamar	4	3	2	20
Fylkir	0	1	1	3
KFR	0	0	1	1
Akranes	0	0	0	0
Breiðablik	0	0	0	0

Haukar 0 0 0 0

Íslandsmeistaramót í Kumite 2002

Laugardaginn 2. nóvember fór Íslandsmeistaramót í kumite fram í Fylkishöllinni í Árbæ. Mótið var nokkuð fjölmennt og hefur þátttakan aukist ár frá ári. Það setti nokkurn svip á upphaf mótsins að ekki fengust nógu margir dómarar til að hægt væri að keppa á tveimur völlum samtímis. Úr því rættist þó er leið á daginn.

Mótið gekk vel fyrir sig og áttu sér stað margir mjög spennandi bardagar. Meistararnir úr þyngdarflokkum karla frá því í fyrra vörðu allir sína titla, Daníel Axelsson í -65kg, Halldór Svavarsson í -73kg, Jón Ingi Þorvaldsson í -80kg og Ingólfur Snorrason í +80kg. Nýr meistari varð í opnum flokki karla, en Ingólfur Snorrason Fylki vann opna flokkinn eftir mjög spennandi bardaga við sigurvegara síðasta árs, Jón Inga Þorvaldsson, Þórshamri.

Edda Blöndal varð meistari í opnum flokki kvenna 9 árið í röð. Nýr sigurvegari í -57kg flokki kvenna varð Jónína Olesen, Fylki, sem tók nú þátt eftir margra ára fjarveru en sigurvegari í +57 kg varð Edda Blöndal.

Í sveitarkeppni kvenna varði lið Þórshamars titil sinn frá því í fyrra eftir öruggan sigur á sveit Fylkis. Mikið gekk á í sveitarkeppni karla sem oftast er hápunktur Íslandsmeistaramóts í kumite. Til úrslita kepptu sömu sveitir og í fyrra Þórshamar og Fylkir A og varði sveit Fylkis titilinn. Karatedeild Fylkis varð Íslandsmeistari félaga eftir að stig höfðu verið reiknuð út, hluti 41 stig af 78 mögulegum.

Stig eru reiknuð eftir fjölda verðlauna sem félögin fá, 3 stig fyrir 1.sæti, 2 stig fyrir 2. sæti og 1 stig fyrir 3.sæti, síðan vegur sveitakeppni þrefalt í hverju sæti.

Dómarar á mótinu voru Helgi Jóhannesson, Olafur Wallevik, Bjarni Kærnested, Reinharð Reinharðsson, Jón Hákon Bjarnason og Allan Busk.

Úrslit í einstökum flokkum urðu sem hér segir;

Kumite karla -65 kg

1.sæti Daníel P. Axelsson	Þórshamar
2.sæti Hrafn Ásgeirssonson	Þórshamar
3.sæti Hákon Bjarnason	Fylkir
4.sæti Magnús Gunnarsson	Fylkir

Kumite karla -73 kg

1.sæti Halldór Svavarsson	Fylkir
2.sæti Andri Sveinsson	Fylkir
3.sæti Ari Sverrisson	Haukar
4.sæti Bragi Pálsson	Þórshamar

Kumite karla -80 kg

1.sæti Jón Ingi Þorvaldsson	Þórshamar
2.sæti Konráð Stefánsson	Fylkir
3.sæti Sverrir Sigurðsson	Fylkir
4.sæti Diego Björn	Víkingur

Kumite karla +80 kg

1.sæti Ingólfur Snorrason	Fylkir
2.sæti Pétur Freyr	Fylkir
3.sæti Helgi Snær Sigurðsson	Þórshamar
4.sæti	

Kumite kvenna -57 kg

1.sæti Jónína Olesen	Þórshamar
2.sæti Arna Steinarsdóttir	Þórshamar
3.sæti Fjóra Þorgeirsdóttir	KFR
4.sæti Áslaug Þorsteinsdóttir	Afturelding

Kumite kvenna +57 kg

1.sæti Edda L. Blöndal	Þórshamar
2.sæti Kristín al Lahham	Fylkir
3.sæti Helga Enea	KFR
4.sæti Eydís L. Finnbogadóttir	Akranes

Opinn flokkur karla

- 1.sæti Ingólfur Snorrason Fylkir
 2.sæti Sverrir Sigurðsson Fylkir
 3.sæti Jón Ingi Þorvaldsson Þórshamar
 4.sæti Helgi Snær Sigurðsson Þórshamar

Liðakeppni karla

- 1.sæti Fylkir - A
 2.sæti Þórshamar
 3.sæti Fylkir - B

Opinn flokkur kvenna

- 1.sæti Edda L. Blöndal Þórshamar
 2.sæti Arna Steinsdóttir Þórshamar
 3.sæti Jónína Olesen Fylkir
 4.sæti Fjóla Þorgeirsdóttir KFR

Liðakeppni kvenna

- 1.sæti Þórshamar - A
 2.sæti Fylkir
 3.sæti

Heildarárangur einstakra félaga;

Félag	Gull	Silfur	Brons	Heildarstig
Fylkir	5	6	4	41
Þórshamar	5	4	2	31
KFR			2	2
Haukar			1	1

Unglingameistaramót

Úslit frá unglingameistaramótum eru ekki skráð hér. Upplýsingar um árangur á mótunum er á finna á heimasíðu KAÍ: www.isisport.is/kai.

BIKARMÓT KAÍ Í KARATE 2001 - 2002

Fjórða og síðasta bikarmót vetrarins fór fram í Íþróttahúsi Breiðabliks í Smáranum laugardaginn 12. maí.

Keppt var í kumite karla +74 kg og -74 kg, kata karla og kumite og kata kvenna. Eftir mótið fór fram verðlaunaafhending þar sem krýndir voru bæði Bikarmeistara karla og kvenna í Karate veturinn 2000 - 2001 í Útilífsdeildinni. Bikarmeistari karla er **Ingólfur Snorrason Fylki** og kvenna **Sólveig Sigurðardóttir Þórshamri**.

Lokastaða efstu manna eftir fjögur bikarmót:

Karlaflokkur :

1. sæti Ingólfur Snorrason Fylkir 31 stig, bikarmeistari karla
 2. sæti Jón Viðar Arnþórsson Þórshamar 22 stig
 3. sæti Jón Ingi Þorvaldsson Þórshamar 18 stig

Kvennaflokkur :

1. sæti Sólveig Sigurðardóttir Þórshamar 31 stig, bikarmeistari kvenna
 2. sæti Edda L. Blöndal Þórshamar 20 stig
 3. sæti Heiða Björg Ingadóttir KFR 7 stig

15. maí 2001/RR

DÓMARAR KAÍ

Nafn	Gráða	Félag	Dags tekið/Alþjóðaréttindi
A - Dómari - Kumite			
Helgi Jóhannesson	3. Dan	Þórshamar	EKF Judge-B
Ólafur Wallevik	4. Dan	Þórshamar	Nordic Referee-A
Ólafur Helgi Hreinsson	3. Dan	KFR	15.09.01
A - Meðdómari - Kumite			
Halldór Svavarsson	3. Dan	Fylkir	15.09.01
Bjarni Örn Kærnested	3. Dan	Þórshamar	15.09.01
Bjarni Kristjánsson	2. Dan	Þórshamar	15.09.01
Helgi Hafsteinsson	1. Dan	Akranes	15.09.01
Reinharð Reinharðsson	1. kyu	KFR	15.09.01
B - Meðdómari - Kumite			
Grétar Örn Halldórsson	4. Dan	KFR	09.05.02
Gunnlaugur Sigurðsson	3. dan	Haukar	08.02.03
Heiða Björg Ingadóttir	2. kyu	KFR	09.05.02
Vicente Carrasco	2. Dan	Víkingur	15.09.01
Ari Sverrisson	2. dan	Haukar	08.02.03
Egill Axfjörð Friðgeirsson	1. dan	Haukar	08.02.03
Brynjar Ólafsson	1. kyu	Þórshamar	15.09.01

REKSTRAR- OG EFNAHAGSREIKNINGUR

Rekstrarreikningur KAÍ 1/1-31/12/02

Tekjur	Skýring	1/1-31/12/02
11000 Framlög og styrkir		2.862.819
Árgjöld aðildarféлага		252.600
15000 Tekjur af mótum	1	358.900
17000 Auglýsingatekjur		-
22000 Aðrar tekjur		2.508
Tekjur alls		3.476.827
Gjöld		
35000 Styrkir til deilda		
40000 Landslið	2	1.542.104
45000 Kostnaður við mótahald	3	423.786
53000 Rekstur skrifstofu	4	198.812
56000 Námskeið	5	3.000
65000 Önnur gjöld		105.000
Rekstrargjöld alls		2.272.702
Hagnaður/Tap f. afskriftir		1.204.125
Afskriftir auglýsingaloforðs		200.000
Afskriftir Tatami 20%		177.996
Afskriftir alls		377.996
Hagnaður/Tap		826.129

Reikning þennan hef ég samið eftir hjálögðum gögnum ársins 2002
Reykjavík, 20 mars. 2003

Indriði Jónsson, gjaldkeri KAÍ

Skýringar við rekstrarreikning

1 Tekjur af mótum	
ÍM-Kumite	31.500,00
ÍM-KATA	36.400,00
Bikarmótaröð	
UM-Kumite	67.200,00
UM-KATA	223.800,00
	<u>358.900,00</u>
2 Þátttaka í mótum	
Landslið	1.115.930,00
Landsliðsþjálfari	426.174,00
	<u>1.542.104,00</u>
3 Kostnaður við mótahald	
ÍM-Kumite	111.773,00
ÍM-KATA	68.391,00
UM-Kumite	101.843,00
UM-KATA	31.400,00
Bikarmótaröð	76.900,00
Annar kostn. v/móta	31.329,00
	<u>421.636,00</u>
4 Rekstur skrifstofu	
Kynningarmál	66.331,00
Húsaleiga	95.460,00
Kaffitería	16.705,00
Önnur gjöld	15.186,30
	<u>193.682,30</u>
5 Námskeið	
Bókhaldsnámskeið	3.000,00
	<u>3.000,00</u>

Efnahagsreikningur 31/12/2002

EIGNIR	31.12.2002
85000 Veltufjármunir	
85100 Skrifstofubúnaður	0
85200 Tatami	0
	0
Skammtímakröfur	
Inneign hjá félögum v/2000-2001	9.400
Inneign hjá félögum v/2002	21.600
88300 Inneign hjá ÍSÍ v/ Lottó	112.226
88301 Inneign hjá ÍSÍ v/ útbr. 2002	959.184
Inneign hjá ÍSÍ v/ þjálfarastyrks	200.000
Skammtímakröfur alls	1.302.410
88000 Handbært fé	
88200 Tékkareikningur	844.132
Handbært fé alls	844.132
89999 Eignir alls	2.146.542
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ	
91000 Eigið fé 31/12/01	1.299.776
Hagnaður/tap	826.129
Eigið fé 31/12/02	2.125.905
92003 Skammtímaskuldir	20.637
99999 Skuldir og eigið fé alls	2.146.542

Við kjörnir skoðunarmenn höfum yfirfarið ársreikning Karatesambands Íslands (KA) og ekkert fundið athugasemdir og leggjum til að hann verði samþykktur.

Reykjavík 20. mars 2003

Helgi Jóhannesson

Jón Ingi Þorvaldsson

LÖG KARATESAMBANDS ÍSLANDS

1. gr. Karatesamband Íslands (KAÍ) er æðsti aðili um öll karatemál innan vébanda Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ).

2. gr. Karatesamband Íslands er samband héraðssambanda, sem hafa iðkun karate innan sinna vébanda.

3. gr. Starf KAÍ er í meginatriðum:

- a) Að hafa yfirumsjón allra íslenskra karatemála.
- b) Að vinna að eflingu karateíþróttainnunar í landinu og koma fram erlendis fyrir hönd hennar.

4. gr. Málefnum KAÍ stjórnar:

- a) Karateþing.
- b) Stjórn KAÍ.

5. gr. Karateþing fer með æðsta vald í málefnum KAÍ. Þingið sitja fulltúar frá þeim aðilum, sem mynda KAÍ. Fulltrúafjöldi hvers aðila fer eftir tölu virkra iðkenda karate í aðildarfélögum, þannig að fyrir allt að 25 menn koma 2 fulltúar og síðan tveir í viðbót fyrir næstu 25 eða brot úr 25 upp í allt að 75 iðkendum og þá 1 fulltúi fyrir næstu 25 eða brot úr 25 upp í 100 iðkendur, en síðan 1 fulltrúi fyrir næstu 50 eða brot úr 50 upp í 200, en síðan 1 fyrir hverja hundrað eða brot úr hundrað upp í 500, en loks 1 fulltrúi fyrir hverja 200 eða brot úr 200 eftir það. Félög, sem ekki hafa skráða iðkendur fá 2 fulltrúa á árspaningi, ef vottorð frá viðkomandi héraðssambandi staðfestir að karate er sannanlega iðkað í félaginu, eða deild ef sams konar vottorð kemur frá félagsstjórninni.

Þingið skal árlega haldið í janúar eða febrúar. Skal boða það bréflaga með minnst 2ja mánaða fyrirvara. Málefni, sem sambandsaðilar óska, að tekin verði fyrir á þinginu, skal tilkynna stjórn KAÍ minnst 21 degi fyrir þingið.

Þá skal stjórn KAÍ tilkynna sambandsaðilum dagskrá þingsins ásamt tillögum og lagabreytingum, sem borist hafa, í síðasta lagi 14 dögum fyrir þingið, sem síðari fundarboð. Karateþing er lögmett, ef löglega er til þess boðað.

6. gr. Á karateþingi hafa fulltrúar einir atkvæðisrétt, en auk þeirra eiga rétt á þingsetu og hafa þar málfrelsi og tillögurétt:

- a. Stjórn KAÍ, varastjórn og endurskoðendur.
- b. Framkvæmdastjórn ÍSÍ.
- c. Fastráðnir starfsmenn KAÍ og ÍSÍ.
- d. Fulltrúar karatedómarafélaga.
- e. Allir nefndarmenn KAÍ.
- f. Auk þess getur stjórn KAÍ boðið öðrum aðilum þingsetu, ef hún telur ástæðu til.

Aðeins sá, sem eru í félagi, sem hefur karateiðkun á stefnuskrá sinni innan héraðssambands er kjörgengur fulltúi þess á karateþingi. Hver fulltrúi hefur aðeins 1 atkvæði.

Þegar langt eða dýrt er að sækja þingið eða annar fulltrúi veikist eða forfallast á síðustu stundu frá því að sækja þingið, þá má heimila, að fulltrúi fari með fleiri en 1 atkvæði, en aðeins með atkvæði þess aðila, sérráðs eða héraðssambands, sem hann er fulltúi fyrir. Þó gildir þessi undanþága ekki um fulltrúa þeirra aðila, sem eiga heima þar sem þingið er háð. Umboð, sem jafnframt er beiðni til þingsins um að fulltrúi megi fara með fleiri en eitt atkvæði, verður að vera skriflegt og vera frá stjórn hlutaðeigandi sambandsaðila. Enginn þingfulltúi getur farið með fleiri en 2 atkvæði.

7. gr. Aukaþing má halda, ef nauðsyn krefur eða helmingur sambandsaðila óskar þess. Boðunarfrestur til aukapings skal vera 2 vikur. Fulltúar á aukapingi eru þeir sömu og voru á næsta reglulega þingi á undan, og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa, sem er látinn, veikur eða fluttur úr héraðinu eða forfallaður á annan hátt. Á aukapingi má ekki gera laga- eða

leikreglnabreytingar og ekki kjósa stjórn, nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti kjörinnar stjórnar hefur sagt af sér eða er hætt störfum af öðrum sökum. Að öðru leiti gilda sömu reglur og um reglulegt karateþing.

8. gr. Störf karateþings eru:

1. Þingsetning.
2. Kosnir fastir starfsmenn þingsins.
3. Kosnar fastar nefndir:
 - a. Kjörbréfanefnd.
 - b. Fjárlaganefnd.
 - c. Laga- og leikreglnanefnd.
 - d. Allsherjarnefnd.
 - e. Kjörnefnd.

Nefndir þessar eru skipaðar 3 mönnum hver.

4. Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína.
5. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga sambandsins til samþykktar.
6. Stjórn leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.
7. Lagðar fram laga- og leikreglnabreytingar þær, sem fram hafa komið.
8. Lagðar fram aðrar tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnar.
9. Málum og tillögum vísað til nefnda til umfjöllunar.

- Þ I N G H L É -

10. Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær.
11. Önnur mál.
12. Kosning stjórnar, varastjórnar og endurskoðenda.
13. Kjörnir 5 menn í aganefnd og 3 til vara.
14. Val 2ja fulltrúa á Íþróttþing og 2 til vara.
15. Kjör karateljósmyndar ársins að tillögu stjórnar.
16. Þinggerð lesin og staðfest.
17. Þingslit.

Fái fleiri en þeir, sem kjósa á, jafnmörg atkvæði, skal kjósa um þá á ný bundinni kosningu. Verði þeir enn jafnir, ræður hlutkesti. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum, nema um lagabreytingar sé að ræða, þá þarf 2/3 hluta atkvæða viðstaddra fulltrúa. Þingið getur með 2/3 atkvæða viðstaddra fulltrúa, leyft að taka fyrir mál, sem komið hafa fram eftir að dagskrá þingsins var send sambandsaðilum (skv. 5. gr. 3. mgr.).

Ársskýrslu KAÍ, sem stjórnin skal leggja fjölritaða fyrir þingið svo og ágríp af þinggerð þingsins, skal senda framkvæmdastjórn ÍSÍ og sambandsaðilum KAÍ innan tveggja mánuða frá þingslitum.

9. gr. Stjórn KAÍ fer með æðsta vald í málefnum sambandsins á milli þinga. Stjórn KAÍ skipa 5 menn: formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnandi. Skal kjósa bundinni leynilegri kosningu, formann fyrst, síðan meðstjórnendur, sem skipta með sér störfum. Kjósa skal 3 menn í varastjórn og taka þeir sæti í stjórninni ef aðalmaður forfallast og koma inn í sömu röð og þeir voru kosnir.

Stjórn KAÍ skal strax að loknu ársþingi skipa eftirtaldar nefndir:

Mótanefnd KAÍ og landsliðsnefnd KAÍ.

Hvor nefnd skal skipuð minnst þremur mönnum. Stjórn KAÍ skal boða formenn nefnda á stjórnarfund þegar þurfa þykir eða formenn nefnda óska þess. Stjórninni er heimilt að ráða launað starfsfólk. Aðsetur stjórnar er í Reykjavík. Reikningsár KAÍ miðast við almanaksárið.

10. gr. Starfssvið stjórnar KAÍ er:

- a) Að framkvæma ályktanir karateþings.
- b) Að vinna að eflingu karate í landinu.
 - c) Að semja leikreglur og reglugerðir fyrir karate.
 - d) Að senda sambandsstjórn og framkvæmdastjórn ÍSÍ lögboðnar skýrslur og tilkynningar.
- e) Að líta eftir því að lög og leikreglur KAÍ séu haldnar.
 - e) Að setja nauðsynleg bráðabirgðaákvæði.
 - f) Að raða niður og ákveða stað og tíma landsmóta. Það skal KAÍ að jafnaði gera fyrir hver áramót og þá í samráði við stórnir sérráða (héraðsstjórna) og farmkvæmdastjórn ÍSÍ.
- h) Að úthluta þeim styrkjum til karate, sem KAÍ fær til umráða.
 - i) Að koma fram erlendis fyrir hönd karateíþróttarinnar í landinu.
 - ii) Að tilkynna með hæfilegum fyrirvara framkvæmdastjórn ÍSÍ áætlanin sínar og ákvarðanir um samskipti við útlönd.

11. gr. Formaður KAÍ boðar stjórnarfundi og stjórnar þeim.

12. gr. Héraðssamböndin eru milliliðir milli félaga sinna og stjórnar KAÍ. Þau skulu og senda henni skýrslur um mót, sem haldin eru innan umdæmisins. Þessar skýrslur skulu sendar innan mánuðar, eftir að mótinu lýkur. Ársskýrslur sínar um störf héraðssambands og tölu virkra karatemanna í umdæminu skulu þau senda stjórn KAÍ fyrir 1. júní ár hvert. Á þeim byggist fulltrúaréttur og fulltrúafjöldi þeirra á karateþingi. (sbr. 5. gr.).

13. gr. Dómsmál vegna málaferla KAÍ skulu rekin fyrir dómstólum ÍSÍ.

14. gr. Kæru skulu vera skriflegar og skal kærán eða tilkynning um hana hafa borist dómstól innan tveggja sólarhringa frá því að hið kærða atvik átti sér stað. Sé kærán póstlögð skal það tilkynnt sérstaklega með staðfestu símskeyti. Dómfesta skal mál innan 7 daga frá því að kæra berst dómstól. Þá skal liggja fyrir rökstuðningur kæru, að öðrum kosti telst kærán ógild. Vísi dómstóll kæru frá vegna formgalla skal kærandi eiga þess kost að kæra að nýju innan tveggja sólarhringa frá því að honum er birtur úrskurðurinn. Úrskurðir og dómar dómstól KAÍ skulu birtir í staðfestu símskeyti eða ábyrgðarbréfi.

15. gr. KAÍ skal, í samráði við hlutaðeigandi héraðssambönd, vinna að stofnun nýrra sérráða.

16. gr. Stjórn KAÍ hefur frjálstan aðgang að öllum karatemótum og sýningum, sem fram fara innan vébanda KAÍ. Einnig á hún rétt á að sitja aðalfundi sérráða, dómarafélaga og héraðssamband, sem eru aðilar að sambandinu.

17. gr. Tillögur um að leggja KAÍ niður má aðeins taka fyrir á lögmati karateþingi. Til þess að samþykka þá tillögu, þarf minnst 3/4 hluta atkvæða. Hafi slík tillaga verið samþykkt, skal gera öllum sambandsaðilum grein fyrir henni í þinggerðinni og tillagan síðan látin ganga til næsta reglulega þings. Verði tillagan þá samþykkt aftur, er það fullgild ákvörðun um að leggja KAÍ niður. Skal þá afhenda ÍSÍ eignir KAÍ til varðveislu.

18. gr. Lög þessi öðlast gildi þegar framkvæmdastjórn ÍSÍ hefur samþykkt þau.

Lög þessi öðluðust gildi 4. maí 1985, er þau voru samþykkt á Sambandsstjórnarfundi ÍSÍ.

Síðast breytt á 14. Karateþingi, 22. mars 2001.

REGLUR UM ÍSLANDSMEISTARAMÓT Í KARATE

Almennar reglur.

1. gr. Íslandsmeistaramót í Karate skal vera þrískipt, Kata og Kumite fullorðinna og Unglingameistaramót. Framkvæmdaraðili skal vera Mótanefnd KAÍ. Ef mótanefnd er ekki skipuð skal formaður KAÍ, varaformaður og gjaldkeri skipa nefndina.

2. gr. Íslandsmeistaramót í Kata skal haldið í mars eða apríl ár hvert. Íslandsmeistaramót í Kumite skal haldið í október og Unglingameistaramót skal halda í byrjun febrúar og síðari hluta þess, ef um það er að ræða, hálfum mánuði síðar. Ef sérstaklega stendur á getur Mótanefnd eða stjórn KAÍ breytt mótstíma frá því sem að ofan greinir.

3. gr. Til kynna skal mótin og dagskráratriði þeirra með minnst 3ja vikna fyrirvara til allra karatefélaga og deilda innan ÍSÍ. Þar skal m.a. taka fram þáttökugjald. Þáttökutilkynningar skulu berast frá félögunum viku fyrir mótið, en þó getur mótanefnd ákveðið að hafa þann tíma annan. Greiðsla þáttökugjalda skal fylgja tilkynningum félaganna. Mótanefnd er heimilt að skipta Unglingameistaramótinu í tvo hluta, kata og kumitehluta. Þá er Mótanefnd heimilt að fela einstökum félögum að halda utan um framkvæmd einstakra móta, s.s. að útvega aðstöðu, starfsfólk o.s.frv.

4. gr. Þá daga sem Íslandsmeistaramótin fara fram má ekki stofna til annarrar opinberrar karatekeppni.

5. gr. Mótanefnd eða stjórn KAÍ hefur heimild til þess að takmarka fjölda keppenda í hverri grein og þá jafnframt að kveða á um hámarksfjölda keppenda frá hverju félagi í hverri grein. Það skal þó aldrei vera færri en þrír í einstaklingsgreinum.

Mótanefnd skal skipa aðaldómara á komandi móti í tilkynningu til félaganna.

Starfsfólk.

6. gr. Á hverjum velli skulu vera kynnir, ritari, aðstoðarmaður ritara, tímavörður og vallarstjóri. Í kata skulu vera 3 eða 5 dómarar, en 3 dómarar í kumite. Á mótinu skal vera læknir til staðar. Hvert þáttökufélag er skylt að tilnefna 1 starfsmann fyrir hverja 10 keppendur eða hluta af þeim fjölda og a.m.k. einn dómara. Starfsmenn og keppendur skulu bera einkennismerki og keppnisvæðið skal afgirt frá áhorfendum. Á unglíngameistaramóti skal hvert félag tilnefna liðsstjóra, sem aðstoðar starfsfólk mótsins við að halda reglu á mótinu. Mótanefnd er heimilt að sekta félög eftir 16. gr. ef þau vanrækja að tilnefna starfsfólk eða halda liðsstjóra. Keppendur á unglíngameistaramóti skulu vera komnir á mótsstað a.m.k. 45 mínútum áður en keppni hefst, en á Íslandsmeistaramóti fullorðinna skulu keppendur vera komnir á mótsstað a.m.k. 30 mínútum áður en keppni hefst í þeirra keppnisflokki.

Keppnin.

7. gr. Í upphafi móts kallar aðaldómari saman aðra dómara og skipar þá í stöður, samræmir einkunnagjöf og gefur mönnum kost á að koma með spurningar.

8. gr. Í Kata-móti skal keppt í eftirfarandi greinum:

- 1.Kata kvenna.
- 2.Kata karla.
- 3.Hópkata kvenna (3ja kvenna sveitir).
- 4.Hópkata karla (3ja manna sveitir).

Á Kumite-mótinu skal keppt í eftirfarandi greinum:

- 1.Kumite kvenna, opinn flokkur.
- 2.Kumite karla, -65 kg.
- 3.Kumite karla, -73 kg.

- 4.Kumite karla, -80 kg.
- 5.Kumite karla, +80 kg
- 6.Kumite karla, opinn flokkur.
- 7.Liðakeppni karla (5 manna sveitir).
- 8.Liðakeppni kvenna (3 kvenna sveitir).

Á Unglingameistaramóttinu skal keppt í eftirfarandi greinum:

- 1.Kata barna 8 ára og yngri.
- 2.Kata barna 9 og 10 ára.
- 3.Kata krakka 11 og 12 ára.
- 4.Kata tánínga 13 og 14 ára.
- 5.Kata unglínga 15 og 16 ára.
- 6.Kata eldri unglínga 17 og 18 ára
- 7.Kata juniora 19 og 20 ára.
- 8.Hópkata krakka 12 ára og yngri.
- 9.Hópkata tánínga 13 til 16 ára.
- 10.Hópkata juniora 17 til 20 ára.
- 11.Kumite stráka 12 ára.
- 12.Kumite drengja 13 og 14 ára.
- 13.Kumite pílta 15 og 16 ára.
- 14.Kumite eldri pílta 17 og 18 ára.
- 15.Kumite juniora 19 og 20 ára.
- 16.Kumite telpna 12 og 13 ára.
- 17.Kumite stúlkna 14 og 15 ára.
- 18.Kumite kvenna 16 til 20 ára.

Á unglíngameistaramóttinu skal miðað við fæðingarár. Þar skulu keppendur bera a.m.k. 9. kyu. Í kata skulu drengir og stúlkur keppa í sama flokki. Í hópkata skal sveit keppa í þeim aldursflokki sem meirihluti sveitar skyldi keppa í.

9. gr. Árlega skal halda Bikarmót KAÍ í kumite og kata. Hvert bikartímabil nær frá 1. sept. til 31. maí næsta ár. Bikarmóttinu skal skipta í tvo, þrjá eða fjóra hluta fyrirfram. Keppt skal í þremur flokkum í hverjum hluta mótsins í kumite, einum opnum kvennaflokki og tveimur karlaflokkum eftir þyngd, -74 kg og +74 kg og tveimur flokkum í kata, flokki karla annars vegar og flokki kvenna hins vegar. Eftir hvern hluta skal gefa 5 stig fyrir fyrsta sæti, 3 fyrir annað og 2 stig fyrir þriðja sætið og 1 stig fyrir fjórða sætið. Ef einungis einn keppandi mætir í tilteknum flokki skal hann fá 5 stig, enda hafi hann farið ósigraður frá mótt. Hægt er að keppa bæði í Kata og Kumite og leggjast þá stigin úr greinum tveim saman. Eftir að öllum Bikarmóttum tímabilsins er lokið, skal stgahæsta konan og stigahæsti karlinn í samanlögðum greinum verða útnefnd Bikarmeistarar KAÍ. Þeim tveimur sem koma næst þeim að stigum í flokki karla og flokki kvenna skal veita önnur og þriðju verðlaun. Séu tveir einstaklingar jafnir að stigum í lok bikarkeppninnar vinnur sá er oftast var í fysta sæti. Sé enn jafnt vinnur sá er oftast hefur verið í öðru sæti og svo framvegis.

10. gr. Meistaraverðlaun skulu vera fyrir 1. sæti, verðlaunagripur eða gylltur peningur, fyrir annað og þriðja sæti silfur eða bronslitaðir peningar. Íslandsmeistarar í sveitakeppnum fá auk þess til varðveislu farandbikar, sem viðkomandi félag hlýtur til eignar eftir að hafa unnið hann fimm sinnum í röð eða átta sinnum alls.

11. gr. Á móttum KAÍ skulu vera ein, tvær eða þrjár umferðir eftir ákvörðun mótanefndar. Keppendum er heimilt að sýna hverja þá kata sem kemur frá eftirtöldum fjórum meginstílum viðurkenndum af WKF, Goju-Ryu, Shito-Ryu, Shotokan og Wado-Ryu. Keppendum er ekki heimilt að

sýna sömu kata á milli umferða. Keppendur eiga að tilkynna þá kata sem þeir ætla að sýna til ritara móts áður en hver umferð byrjar. Karatesambandið skal gefa út lista í samráði við félögin með þeim kata sem heimilt er að keppa í. Á Unglingameistaramóti má þó endurtaka kata í úrslitum. Mótanefnd ákveður hve margir keppendur komast áfram úr fyrstu umferð, en miða skal við að í úrslit komist 6 efstu í einstaklingsgreinum en 4 efstu liðin. Á Unglingameistaramóti skulu 5 efstu í hverri katagrein komast í úrslit. Dómarar í úrslitum skulu ávalt vera fimm hið fæsta og helst einn úr hverju af stærstu félögunum, en þó hið minnsta einn frá hverri stíltegund. Reglur um réttindi dómara geta þó leitt til annars. Stigagjöf úr fyrri umferðum er ekki lögð saman við stig í seinni umferðum. Ávalt skal strika út hæstu og lægstu einkunnagjöf, ef dómarar eru fleiri en þrír. Ef keppendur eru jafnir að stigum sigrar sá sem hefur hlotið hærri lægstu tölu og svo hærri hæstu tölu. Ef keppendur eru enn jafnir, skulu þeir framkvæma aðra kata heldur en þeir sýndu í síðustu umferð.

Ef ekki skrá sig til leiks fleiri en einn keppandi eða lið, fellur keppni niður í þeirri grein. Keppanda í þeim flokki er þá heimilt að keppa í næsta flokki fyrir ofan í þyngd eða aldri.

12. gr. Á kumitemótunum skal keppt eftir útsláttarfyrirkomulagi, en þó er mótanefnd heimilt að ákveða að láta keppa í riðlum, allir við alla, en það skal þá koma skýrt fram í mótstilkynningu. Ef keppendur eru þrír, skulu þó allir keppa við alla. Keppni um þriðja sætið skal hagað þannig að þeir sem síðast töpuðu fyrir þeim sem komast í úrslit keppa um það, þó getur mótanefnd ákveðið að hafa annan hátt á. Sömu reglur gilda um liðakeppnina, nema mótanefnd ákveðið að láta liðin keppa innbyrðis eftir öðrum reglum.

13. gr. Í þeim tilfellum sem mótanefnd getur ákveðið að hafa annan hátt á en um getur hér að ofan eða í alþjóðlegum reglum, þá skal félögunum tilkynnt það í mótstilkynningu eða í síðasta lagi sex dögum fyrir mótið.

Kærur, fundir, úrslit & skýrslur.

14. gr. Skýrslu um mótið skal senda stjórn KAÍ mánuði eftir að mótinu lýkur. Mótanefnd skal sjá um að fáanlegar séu skriflegar upplýsingar um úrslit mótsins, í síðasta lagi daginn eftir mótið.

15. gr. Kærur um framkvæmd móts eða ákvarðanir mótanefndar varðandi mótin, skulu berst mótanefnd í síðasta lagi 48 tímum eftir lok móts. Kærur skulu vera skriflegar. Kærur varðandi atvik, sem eiga sér stað fyrir mót skulu afgreiddar þegar í stað og eigi síðar en sólarhring síðar. Mótanefnd skal jafnóðum taka afstöðu til kæra sem berst á eða fyrir mót og geta varðað úrslit eða lögmæti mótsins. Mótanefnd skal annars taka afstöðu til kæra innan viku frá því að kæra berst. Kæranda skal skýrt frá úrlausn mótanefndar munnlega, en kærandi getur óskað eftir skriflegri niðurstöðu mótanefndar. Niðurstæða í úrlausn mótanefndar skal stuttlega rökstudd, þó er ekki þörf ítarlegs rökstuðnings varðandi kærur sem afstæða er tekin til á mótunum sjálfum, nægir þá oft að vísa til lagaákvæðis. Úrlausnir mótanefndar eru kærnanlegar til viðkomandi héraðsdómstóls í viku eftir að kæranda berst vitneskja um niðurstæðu mótanefndar.

16. gr. Ef þátttökutilkynningar eða breytingar á þeim berast eftir að frestur er útrunninn, skal litið á þær tilkynningar sem kærur.

Mótanefnd er heimilt í úrskurðum sínum að sekta viðkomandi félag og setja greiðslu hennar sem skilyrði fyrir því að kæra sé tekin til greina. Þá er mótanefnd heimilt að sekta þau félög sem ekki senda dómara eða liðsstjóra á mót samkvæmt reglum þessum. Sektir geta verið allt að fimmföld upphæð þátttökugjalds fyrir hvern mann. Mótanefnd er heimilt að meina þeim félögum að taka þátt á móti, er inna eigi sektir af hendi þegar þeirra er krafist, sama er að segja um næsta eða næstu mót, ef sektin er eigi greidd áður.

17. gr. Kærur varðandi agabrot á mótum skulu berast aganefnd KAÍ. Aðaldómara er skylt að gera skriflega skýrslu um þau agabrot, er hann verður var við og senda aganefnd innan viku frá því að móti lauk. Öðrum dómurum á mótinu er skylt að tilkynna aðaldómara um slík brot, sem þeir verða varir við og skila skýrslu um þau til hans í mótslok. Í skýrslu um agabrot skal tilgreina nafn hins brotlega, félag, stað, tíma og í hverju agabrotið er fólgið, einnig skal nefna vitni ef einhver eru.

18. gr. Mótmæli varðandi einstaka viðureignir skal liðsstjóri viðkomandi liðs eða einstaklings koma á framfæri strax við aðstoðardómara. Hann skal þá stöðva leikinn og skulu dómara strax halda fund og úrskurða í málinu. Eftir að viðureign lýkur og dómari hefur tilkynnt úrslit er eigi unnt að kom fram mótmælum varðandi stigagjöf. Kærum varðandi stigagjöf eða dómgaeslu í katakeppni, skal komið á framfæri við aðaldómara um leið og hlé er gert á keppni og eigi síðar en áður en úrslit eru tilkynnt eða keppendum veitt verðlaun.

19. gr. Í úrslitum eftir mót er mótanefnd skylt að birta úrslit móts með stigagjöf félaga, þannig að félag fær 1 stig fyrir 3 sæti, 2 stig fyrir 2 sæti og 3 fyrir 1 sæti, þetta á einnig við um liðakeppni, nema sveitakeppni í kumite fullorðinna karla þar sem stigin skulu vera þreföld fyrir hvert sæti.

20. gr. Að öðru leiti gilda reglur WKF um Íslandsmeistaramót KAÍ

21. gr. Ef eitthvert félag óskar þess, þá skal halda fund á næstu dögum eftir mót, þar sem rætt er um úrslit, framkvæmd, kærur og úrbætur mótsins.

Félagaskipti.

22. gr. Félagaskipti skal tilkynna KAÍ skriflega með ábyrgðarbréfi eða öðrum sannanlegum hætti. Tilkynning þessi skal undirrituð af þeim sem óskar félagaskipta eða forráðamanni hans. Félagaskipti geta einungis tekið gildi tvisvar á ári. Tilkynningar sem sannanlega berast á tímabilinu frá og með 1. janúar til 31. ágúst árlega taka gildi frá og með 1. september og tilkynningar sem berast á tímabilinu frá og með 1. september til 31. desember taka gildi frá og með 1. janúar. Tilkynningar sem ekki uppfylla ofangreind skilyrði t.d. eru ekki skrifleg eða undirritun félagsins skortir, skulu ekki teknar gildar fyrr en úr hefur verið bætt með sannanlegum hætti. Með tilkynningum félaganna um mót skal fylgja tilkynning um öll félagaskipti sem átt hafa sér stað á undangengnu tímabili.

Réttindi karatedómara.

23. gr. Dómaranefnd KAÍ, skipuð þremur hæfum mönnum af stjórn KAÍ til eins árs í senn ákveður réttindi dómara. Nefndin skal úthluta dómurum réttindi eftir getu og þekkingu þeirra, bæði í kata og kumite, fyrst sem C-félagsdómari, þá B-héraðsdómari og loks A-landsdómari. Nefndin heldur dómaranámskeið a.m.k. einu sinni á ári og gefur dómaraefnum færi á að þreyta próf til réttinda. Prófið skal vera bæði verklegt og skriflegt. Dómarar, sem hljóta réttindi skv. reglum þessum, skulu ganga frammar þeim dómurum, sem minni réttindi hafa eða engin. Félagisdómarar hafa rétt til þess að vera aðaldómarar á innanfélagsmótum og vallardómarar á héraðsmótum. Héraðsdómarar hafa rétt til að vera aðaldómarar á héraðsmótum og vallardómarar á Íslandsmeistaramótum. Héraðsmót kallast mót, þar sem keppendur koma úr fleiri en einu félagi. Landsdómarar skulu vara aðaldómarar á Íslandsmeistaramótum.

Samþykkt á 8. Karateþingi 19. mars 1991.

Síðast breytt á 13. Karateþingi 11. maí 2000